

## Dagskrá íslenska safnadagsins sunnudaginn 13. júlí 2014

Norðvesturland

### Selasetur

Strandgata, við höfnina á Hvammstanga. S: 4512345 [www.selasetur.is](http://www.selasetur.is)  
[info@selasetur.is](mailto:info@selasetur.is)

Opið frá 9-19

Tveir fyrir einn á safnadaginn.

Eitt af markmiðum Selaseturs Íslands er að stuðla að alhliða fræðslu um seli við Íslands. Það gerir setrið m.a. annars með sérstakri fræðslusýningu um seli og nánasta umhverfi þeirra.

### Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Reykjum, Hrútafirði. 500 Stað. S:4510040/8634287 [www.byggdasafnhos.is](http://www.byggdasafnhos.is)  
[reykjasafn@simnet.is](mailto:reykjasafn@simnet.is)

Það verður stuð á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna á safnadeginum 13. júlí, Tónlistamennirnir Einar Lövdahl og Skúli Jónsson verða með bráðskemmtilega tónleika klukkan 15 á safninu og karnivalstemning ræður ríkjum í mat og drykk.

Tilvalið fyrir alla þá sem vilja gleðjast á góðum sumardeggi eða hita upp fyrir úrslitaleikinn á HM sem er í sjónvarpinu um kvöldið.

Verð inn á safnið þennan dag á tónleika og mat 1500 fyrir fullorðna, 1200 fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn að 16 ára aldri.

**Safnið er opið frá 10-18 á safnadaginn sem og alla aðra daga í sumar.**

### Byggðasafn Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ 560 Varmahlíð. S:453 6173 [www.glaumbaer.is](http://www.glaumbaer.is)  
Minjasafnið, 550 Sauðárkrókur [bsk@skagafjordur](mailto:bsk@skagafjordur)

Á sýningunum í Áshúsi og gamla torfbænum í Glaumbæ er fjallað um mannlíf í torfbæjum og til sveita á fyrri hluta 20. aldar. Sýningar í safnhúsunum í Glaumbæ eru opnar á milli 9 -18 og frá 14 -16 verða sýnd ýmis gömul handbrögð.

Í Minjahúsinu á Sauðárkróki er fjallað um skáld, 20. aldar og munir af járn-, tré-, söðla- og úrsmíðaverkstæði. Minjahússýningarnar á Sauðárkróki eru opnar á milli 12 og 19.

## Heimilisiðnaðarsafnið

Árbraut 29, 540 Blönduósi. S: 452 4067 [www.textile.is](http://www.textile.is)  
[textile@textile.is](mailto:textile@textile.is)

Heimilisiðnaðarsafnið er opið alla daga  
frá kl. 10.00 til 17.00 frá



1. júní til 31. ágúst.

**Á íslenska Safnadaginn verður sérstök  
dagskrá í safninu frá kl. 14.00.**

Sýnt verður hvernig tekið var ofan af, kembt, spunnið og prjónað. Einnig sýndur  
margskonar útsaumur, auk þess heklað og gimbað og slegið í vef. Gestum gefst kostur á  
að spreyta sig á vinnubrögðunum.

Vakin er athygli á Sumarsýningu safnsins ***Sporin mín*** eftir Þórdísi Jónsdóttur - heillandi  
sýning.

Aðgangseyrir er kr. 900 en kr. 700 fyrir eldri borgara, öryrkja og hópa.  
Ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

**Kaffi á könnunni innifalið í aðgangseyri.**

## Norðausturland

### Minjasafn Akureyrar

Aðalstræti 58, Akureyri. S: 462 4162 [www.akmus.is](http://www.akmus.is)  
[minjasafnid@akmus.is](mailto:minjasafnid@akmus.is)

### Upplifðu sveitarómantikina á Minjasafni Akureyrar

Minjasafnið á Akureyri er opið 10-17

Kl. 14-16 Teymt undir börnum á hestbaki með Pólarhestum

Leggjagarður á hlaðinu.

### Þrjár fjölskylduvænar sýningar:

*Akureyri bærinn við Pollinn.*

*Land fyrir stafni. Íslandskort frá 1547-1808 – Schulte collection.*

*Með augum fortíðar Akureyri ljósmynduð með tækni 19. aldar. Ljósmyndir Harðar  
Geirssonar.*

Skoðuðu sæskrímslin og taktu þátt í fjarsjóðsleiknum. Settu saman þitt eigið kort!  
Skoðuðu sýninguna með kík!

Taktu ljósmynd í gömlu ljósmyndastofunni.

### **Nonnahús**

Aðalstræti 54, Akureyri. S: 462 3555

Opið frá 10-17

Nonnahús er eitt af kennileitum Akureyrar. Rithöfundurinn Jón Sveinsson eða Nonni var þekktasti listamaður Íslendinga erlendis á fyrri hluta 20. aldar og kepptist við að kynna land og menningu þjóðar sinnar hvar sem hann fór. Í Nonnahúsi getur þú kynnst þessum merkilega snáða og fjölskyldu hans.

Bættu við kafla í nýja Nonnasögu.

### **Davíðshús**

Bjarkarstíg 4. Akureyri

Opið kl. 13-17

Starfsemi Davíðshúss er tvíþætt, annarsvegar safn og hinsvegar íbúð fyrir lista- og fræðimenn. Ættingjar Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi ánöfnuðu Akureyrarbæ húsið að Bjarkarstíg 6, sem skáldið byggði og bjó í til dauðadags 1964.

Á efri hæð hússins er íbúð hans varðveitt eins og hann skildi við hana

### **Sigurhæðir**

Við Akureyrarkirkju

Opið kl. 13-17

Í Sigurhæðum er Matthíasarstofa, minningarsafn um Sr. Matthías Jochumsson (1835-1920) en hann lét reisa húsið árið 1903. Þar eru jafnframt til leigu skrifstofuherbergi, búin allri nýjustu tækni og ætluð skáldum og fræðimönnum til skapandi skrifa. Góður grunnur til slíkrar starfsemi er Bókasafn Dr. Steingríms J. Þorsteinssonar, sem nú hefur verið komið fyrir í húsinu. Enginn aðgangseyrir í tilefni dagsins.

### **Gamli bærinn Laufás**

Grýtubakkahreppi, 30 km norðan Akureyrar. S: 463 3196

Opið kl. 9-17

Laufás kemur við sögu skömmu eftir að Ísland byggðist og þar hefur staðið kirkja frá fyrstu kristni. Í katólskum sið var hún helguð Pétri postula. Prestssetur hefur verið í

Laufási frá fyrstu kristni og er enn. Síðasti presturinn sem bjó í gamla bænum, séra Þorvaður Þormar, flutti árið 1936 í nýtt prestssetur og þar bjuggu Laufásspistar fram til ársins 2000.

Sú kirkja sem nú stendur í Laufási var byggð 1865. Meðal merkra gripa í eigu kirkjunnar er predikunarstóll sem ber ártalið 1698. Við austurgafli kirkjunnar stendur eitt elsta reynitré landsins frá 1855.

### Smámunasafn Sverris Hermannssonar

Sólgarði Eyjafjarðarsveit. S: 463 1261 [www.smamunasafnid.is](http://www.smamunasafnid.is)  
[smamunir@esveit.is](mailto:smamunir@esveit.is)

Á íslenska safnadaginn 13. júlí er tveir-fyrir-einn í aðgangseyri á Smámunasafnið.

Safnið verður opið frá kl. 11-17.

Leikfangasýningin Barnagull verður í safninu í allt sumar.

Á kaffihúsi Smámunasafnsins fást vöffur og súkkulaðikökusneiðar að hætti kvenfélagskvenna, ásamt rjúkandi kaffi.



**Verið hjartanlega velkomin!**

### Byggðasafnið Hvoll

Karlsrauðatorg, 620 Dalvík. S: 4661497 og 8921497 [www.dalvik.is/byggdasafn](http://www.dalvik.is/byggdasafn)  
[hvoll@dalvikurbyggd.is](mailto:hvoll@dalvikurbyggd.is)

Opið frá kl. 11:00 -18:00.

Úr þeli þráð að spinna! Björk Kristjánsdóttir sýnir hvernig spunnið er á rokk og sýnir margvíslegar gerðir garns.

Aðgangseyrir: 700  
Eldri borgarar og öryrkjar: 500  
Frítt fyrir börn undir 18 ára.

### Meningarmiðstöð Þingeyinga

Stóragarði 17 Húsavík sími 464 1860 [www.husmus.is](http://www.husmus.is) [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)

Opið 10-18

Aðgangur ókeypis

## Safnahúsið á Húsavík

Grunnsýning Safnahússins heitir „Mannlíf og Náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum“. Í sýningunni er fléttað saman náttúrugripum og munum úr byggðasafni Þingeyinga svo úr verður einkar athyglisverð sýning þar sem gestir upplifa sterkt samspil manns og náttúru í Þingeyjarsýslum á tímabilinu 1850-1950.

## Grenjaðarstaður

Grenjaðarstaður er glæsilegur torfbær í Aðaldal

## Snartarstaðir við Kópasker

boðið er upp á vöffur og kaffi í tilefni dagsins.

## Aldarafmælisýning Héraðssambands Þingeyinga

Héraðssamband Þingeyinga var stofnað 31. október 1914. HSP er sameinað félag Ungmennasambands Norður-Þingeyinga og Héraðssambands Suður-Þingeyinga. Á sýningunni er mikið af munum og myndum frá þessum félögum. Ólympíuförum Þingeyinga eru gerð sérstök skil, landsmótum sem haldin hafa verið í héraði, glímu, hátíðasamkomum beggja aðila og fleira.

## Snertið ekki jörðina – leikir 10 ára barna

„Snertið ekki jörðina – leikir 10 ára barna“ er ein af farandsýningum Þjóðminjasafns Íslands. Haustið 2009 gerðu 8 söfn rannsókn á leikjum 10 ára barna á Íslandi. Rætt var við hátt í 200 börn um leiki og áhugamál þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar má sjá á þessari farandsýningu en einnig á vef sýningarinnar <http://www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/>.

## Safnahúsið í Neskaupstað

Egilsbraut 2, Neskaupsstað. S: 477 1440/470 9063 [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)  
[sofn@fjardabyggd.is](mailto:sofn@fjardabyggd.is)

Opið frá 13:00-21:00

## Frábær söfn í Fjarðabyggð

*Komdu við á safnadeginum og veldu uppáhaldssafnið þitt.*

Í Safnahúsinu í Neskaupstað eru þrjú söfn. Á jarðhæð Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar á miðhæð Sjóminja og- smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og á efstu hæðinni er Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.

Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar – Tryggvi fæddist á Norðfirði árið 1940 og er á meðal þekktustu myndlistarmanna Íslendinga.

Sjóminja og -smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar, en þar er að finna áhugaverða hluti sem tengjast sjávarútvegi, bátasmíði, járn- og eldsmíði og liðnum atvinnuháttum. Áhugavert safn um einn stærsta verktaka landsins á sínum tíma.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Náttúra Íslands í nærmynd. Brot af því besta úr dýra-, plöntu- og steinaríki landsins.

### **Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði.**

Strandgötu 39b, Eskifirði. S: 476 1605  
Opið 13:00-17:00

Munir sem tilheyra sjósókn og vinnslu sjávarafla, verslunarminjar og hlutir sem tilheyra ýmsum greinum iðnaðar og lækninga frá fyrri tíð

### **Íslenska stríðsárasafnið, Reyðarfirði.**

Spítalækampi v. Hæðargerði, Reyðarfirði. S: 470 9063  
Opið 13:00-17:00

Ferðist aftur til daga seinni heimsstyrjaldarinnar, fáðið innsýn í lífið á stríðsárunum og kynnist áhrifum hersetunnar á Reyðarfirði.

Opið frá 13:00 - 17:00.

### **Fransmenn á Íslandi, Fáskrúðsfirði.**

Hafnargötu 12, Fáskrúðsfirði. S: 470 9063  
Opið 10:00-18:00

Nýtt og glæsilegt safn í sögufrægum húsakynnum Franska spítalans og Læknishússins á Fáskrúðsfirði. Safnið fjallar í endurgerð fremstu hönnuða landsins, um líf og kjör franskra sjómanna í kringum aldamótin 1900.

**Verið velkomin !**

## **Minjasafn Austurlands**

Laufskógum 1, 700 Egilsstöðum. S: 471 1412 [www.minjasafn.is](http://www.minjasafn.is)  
[minjasafn@minjasafn.is](mailto:minjasafn@minjasafn.is)

Minjasafn Austurlands er opið á Safnadag og alla daga milli 13-17.  
Aðgangseyrir 800 kr. (600 kr. fyrir hópa stærri en 10 manns).

Sýningar:

Grunnsýning: "Sveitin og þorpið". Um sveitasamfélagið á Austurlandi og myndun Egilsstaðabæjar.

Sérsýning: Útskurður á Austurlandi. Sýndir útskornir gripir úr tré frá Austurlandi, frá tímabilinu 17. til 20. öld.

## **Breiðdalssetur**

Gamla Kaupfélaginu Sæbergi 1, Breiðdalsvík . S: 470 5565 [www.breiddalssetur.is](http://www.breiddalssetur.is)  
[info@breiddalssetur.is](mailto:info@breiddalssetur.is)

Opið 10-19 í tilefni íslenska safnadagsins og 11-18 alla aðra daga.

Aðgangseyrir er 300 kr.

**Hjá okkur verður heitt á könnunni allan daginn**